

Nd.

42. Frumvarp til laga

um rafveitulánasjóð.

Fhm.: Skúli Guðmundsson, Bjarni Bjarnason, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist rafveitulánasjóður. Sjóðurinn er eign ríkisins.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög frá ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.
2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem njóta ríkislána eða ríkisábyrgðar fyrir lánum, og skal gjald þetta vera 0,5% af upphaflegri láns- eða ábyrgðarupphæð, þar til lánið er að fullu greitt eða ábyrgðinni lokið.
3. Árlegt gjald frá lántakendum úr rafveitulánasjóði, 0,5% af upphaflegri lánsupphæð, þar til lánið er að fullu greitt.
4. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Gjöld þau, er um getur í 2. og 3. lið 2. gr., skulu greiddast rafveitulánasjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. gr.

Tilgangur rafveitulánasjóðs er að veita lán til einstaklinga, orkuveitufélaga, sveitarfélaga, bæjarfélaga og ríkis til að gera orkuver til raforkuvinnslu og raforkuveitur.

5. gr.

Lán úr rafveitulánasjóði mega nema allt að $\frac{1}{5}$ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, sem lán er veitt til. Venjulega skulu lánin ekki greidd út fyrr en orkuver og orkuveita er fullgert. Þó má greiða lán út að nokkru eða öllu leyti á meðan á framkvæmd verksins stendur, ef nægileg trygging er sett.

6. gr.

Til tryggingar fyrir lánum úr rafveitulánasjóði skal vera:

1. Orkuveitufyrirtæki það, er lán er veitt til, með öllum tilheyrandi mannvirkjum, réttindum og rekstrartekjum.
2. Ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélags, eða aðrar tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

7. gr.

Lán úr rafveitulánasjóði má veita til allt að 23 ára. Mega þau vera afborganalaus fyrstu 3 árin af lánstímanum. Vextir skulu vera 3% — þrír af hundraði — á ári.

8. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir á hendi ákvarðanir um lán úr rafveitulánasjóði og annast stjórn hans og rekstur, fyrir þóknun, er ákveðst með samkomulagi við ráðherra, og greiðist þóknunin úr sjóðnum.

9. gr.

Rafveitulánasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

10. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og starfrækslu hans, m. a. um samþykki sérfróðra ráðunauta ríkisins til framkvæmda, sem lán eru veitt til, önnur skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum og útlánareglur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjald samkv. 2. lið 2. greinar laga þessara frá þeim rafveitum, sem hafa fengið ríkislán eða ríkisábyrgðir fyrir lánnum áður en lög þessi öðlast gildi, skal miðast við lánsupphæð eða ábyrgðarupphæð eins og hún er við gildistöku laganna.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frumvarpi um rafveitulánasjóð, sem flutt var á síðasta þingi af þm. Vestur-Húnavetninga, og er vísað til greinargerðar, er því fylgdi. Sú breyting hefir verið gerð á frumvarpinu, að hér er gert ráð fyrir, að gjald til sjóðsins frá rafveitum, sem njóta ríkislána eða ríkisábyrgðar fyrir lánnum, sé jafnhátt öll árin, meðan lánin eða ábyrgðirnar standa, og miðast við upphaflega láns- eða ábyrgðarupphæð, í stað þess, að í áðurnefndu frumvarpi var til þess ætlazt, að gjaldið yrði miðað við eftirstöðvar láns eða ábyrgðar á hverjum tíma, hækkandi um 0,5% á fimm ára fresti. Í bráðabirgðaákvæði eru fyrirmæli un það, að gjald frá rafveitum, sem hafa fengið ríkislán eða ríkisábyrgðir fyrir lánnum áður en lög þessi öðlast gildi, skuli miðast við láns- eða ábyrgðarupphæðina eins og hún er við gildistöku laganna, og greiði rafveiturnar árlega jafnháa fjárhæð til sjóðsins, þar til lánin eru að fullu greidd eða ábyrgðunum lokið.

Þá er lagt til í þessu frumvarpi, að vextir af lánnum úr sjóðnum skuli vera 3%, sem er allmiklu lægra en gert var ráð fyrir í frumvarpi því, sem flutt var á síðasta þingi.